



FJÖLMIÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2017
Mál nr. 2017 – 1545 / 0.4

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis)

Við er til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 3. mars 2017, þar sem óskað er umsagnar fjölmiðlanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (þingskj. 165 – 106. mál). Er þess óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. mars.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði lögð niður í núverandi mynd og að sala áfengis verði framvegis í verslunum. Þá er jafnframt lagt til að heimilt verði að auglýsa áfengi með þeim takmörkunum sem fram koma í lögnum.

Sjónarmið fjölmiðlanefndar

Fjölmiðlanefnd hefur hvorki skoðanir á því hvort leyfa skuli áfengi í verslunum né hvort heimila skuli áfengisauglýsingar. Um er að ræða umdeilt pólitískt mál þar sem tekist er á um sjónarmið um frelsi annars vegar og lýðheilsu þjóðarinnar hins vegar.

Verði frumvarpið að lögum telur fjölmiðlanefnd þó mikilvægt að gera fjórar athugasemdir við frumvarpið.

Í 23. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, með síðari breytingum. Heimilt er að auglýsa áfengi með þeim takmörkunum sem fram koma í lögnum.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Í öllum auglýsingum á áfengi skal koma fram viðvörðun um skaðsemi áfengis og hvatning um ábyrga neyslu þess.

Þeir aðilar sem auglýsa og kynna áfengi í prentmiðlum, ljósvakamiðlum, netmiðlum eða með öðrum hætti skulu setja sér síðareglur um auglýsingar og kynningar.

Auglýsingum skal aldrei beint sérstaklega að börnum og ungmennum.

Undanþegið framangreindum takmörkunum er:

1. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins.
2. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað þar sem áfengisveitingar eru heimilaðar.
3. Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á flutningstækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum, bréfsefni eða öðru sem beinlínis tengist starfsemi hans.

Í fyrsta lagi vill fjölmiðlanefnd benda á að skv. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 eru viðskiptaboð og fjarkaup fyrir áfengi óheimil. Þá segir að fullyrðingar sem fram komi í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þurfi að vera hægt að færa sönnur á. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á lögum um fjölmiðla til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum. Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að innra samræmis gæti í lagasetningu. Því þurfi að gera viðeigandi breytingar á lögum um fjölmiðla, verði frumvarp þetta að lögum.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lögð til ákveðin skilgreining á auglýsingu sem ekki er í samræmi við lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Í hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins sem innleidd var með lögum um fjölmiðla er að finna takmarkanir á *viðskiptaboðum* þar sem áfengi er auglýst. Hugtakið viðskiptaboð er mun víðtækara en auglýsing og nær til texta mynda og/eða hljóðs sem ætlað er að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetningar. Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar er aðeins minnst á auglýsingar, en ekki aðrar tegundir viðskiptaboða svo sem kostun og vöruinnsetningu, sem ákvæðið þyrfti að ná til. Því er nauðsynlegt að gera breytingar á orðalagi greinarinnar til að tryggja að ákvæði áfengislaga séu í samræmi við lög um fjölmiðla og að hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB sé þar með réttilega innleidd í íslensk lög.

Í þriðja lagi er í hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni lýst ákveðnum takmörkunum á því hvernig heimilt er að auglýsa áfengi í EES-ríkjunum. Er þar um að ræða lágmarksreglur um innihald og framsetningu áfengisauglýsinga í hljóð- og myndmiðlum, reglur sem aðildarríki EES hafa skuldbundið sig til innleiða í landslög, samkvæmt EES-samningnum. Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að þær takmarkanir á viðskiptaboðum fyrir áfengi verði bundnar í lög. Almennt orðalag um að ekki megi beina auglýsingum að börnum og ungmönnum og að aðilar eigi sjálfir að setja sér reglur uppfyllir ekki að mati nefndarinnar þær takmarkanir sem er að finna í 22. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Framangreint þyrfti að mati Fjölmiðlanefndar að vera haft til hliðsjónar við frekari meðferð frumvarpsins.


Í fjórða lagi er lagt til í frumvarpinu að þeir aðilar sem auglýsi og kynni áfengi í prentmiðlum, ljósvakamiðlum, netmiðlum eða með öðrum hætti skuli setja sér siðareglur um auglýsingar og kynningar. Fjölmiðlanefnd telur rétt að fyrirkomulag þetta sé útfært betur. Fjölmiðlanefnd vill í þessu sambandi benda á að markaðsaðilum hafi verið gert að setja upp skoðunarkerfi og semja verklagsreglur skv. lögum nr. 62/2006 um eftirlit með aðgengi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. Fjölmiðlanefnd telur að sú framkvæmd hafi gengið afar illa framan af en hafi komist í þokkalegt horf áratug eftir gildistöku laganna. Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar er hvorki ákvæði sem tryggir að þeir aðilar sem eigi að setja sér siðareglur muni koma sér saman um slíkar reglur né ákvæði sem tryggir að þeir fari eftir reglunum. Þá virðist hvorki fjallað um eftirlit með framkvæmd reglnanna né eftirfylgni.

Fjölmiðlanefnd er reiðubúin til þess að senda inn aðra umsögn verði gerðar breytingar á umræddu ákvæði í frumvarpinu milli umræðna á Alþingi.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Ingvi Hrafn Óskarsson
Formaður



Heiðdís Lilja Magnúsdóttir
Lögfræðingur